

lff mitt þungbært og einskis virði. Þó að ég hefði allan þann auð og upphefð sem einum manni gæti hlotnast“,

Eina svarið sem Hugh fekk upp á þetta var skellihlátur. Vinur hans hló þar til tárin runnu ofan eftir kinnum hans. Þetta entist svo lengi að Hugh sagði nokkuð óþolnmóðlega:

„Þú hefir ekki verið vanur að gera sys að raunum mínum, Mr [Sharpe, og ef ég væri ekki viss um vináttu þína, gæti eg ekki annað en reiðst þér nú“.

Mr. Sharp hætti ekki að hlægja við þetta, en hélt áfram góða stund enn þá. Síðan þurkaði hann tárin úr augunum og sagði:

„Hugsaðu ekkert um það, Hugh, en svaraðu einni spurningu minni. Ef þú værir ríkur maður, mundir þú þá giftast Alice Blake?“

„Þetta finst mér heimskuleg spurning“, svaraði Hugh dauðlega, „því það er ekki líklegt að ég verði nokkurn tíma ríkur við iðn mína, en ég skal samt svara spurningu þinni. Ef ég væri eins ríkur og hún, og hún vildi mig, mundi hvergi finnast ánægðari maður í heiminum“.

„Búðu þig þá undir að verða ánægð-